

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Verzlunarskóla Íslands, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 3. desember 1962.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Verzlunarskóla Íslands.

1. gr.

Verzlunarskóli Íslands er sjálfseignarstofnun, sem stendur undir vernd og umsjón Verzlunarráðs Íslands, og ber það ábyrgð á eignum og sjóðum þeim, er honum tilheyra og ekki er ráðstafað öðruvísi með sérstakri skipulagsskrá.

2. gr.

Stjórn Verzlunarráðs Íslands kýs að loknum aðalfundi ár hvert, til eins árs í senn, 5 menn í skólanefnd til að annast rekstur skólans samkv. 3. gr.

Stjórn Verzlunarráðsins kýs sérstaklega formann skólanefndar, og skal hann vera úr stjórn Verzlunarráðsins.

3. gr.

Skólanefnd hefur á hendi allar ráðstafanir um rekstur skólans. Hún hefur umsjón með eignum skólans og sjóðum þeim, er skólanum tilheyra, úthlutar styrkjum og verðlaunum til nemenda og setur reglur um kennslu, ræður fastakennara og vikur þeim frá og ákveður útgjöld skólans, allt í samráði við skólastjórann.

Skólanefndinni ber einnig að sjá um fjárhag skólans og gera ráðstafanir til þess, að nægilegt fé sé ávallt fyrir hendi til nauðsynlegra útgjalda við reksturinn.

Reikningsfærslu og gjaldkerastörf annast skrifstofa Verzlunarráðsins, meðan ekki er öðruvísi ákveðið.

4. gr.

Stjórn Verzlunarráðs Íslands ákveður aðal starfstilhögun og stefnu skólans, að fengnum tillögum skólanefndar og skólastjóra. Stjórn Verzlunarráðsins ræður skólastjóra og vikur honum frá. Einnig tekur stjórn Verzlunarráðsins ákvörðun um húsnaði fyrir skólann eða byggingu fyrir hann.

Sé um ágreining að ræða milli skólanefndar og skólastjóra, skal þeim ágreiningi skotið til stjórnar Verzlunarráðsins, er gefur fullnaðarúrskurð.

5. gr.

Skólastjóri annast daglegar framkvæmdir og stjórn skólans, ákveður stunda-skrá, sér um starfsemi skólans og semur skýrslu yfir hana, að liðnu hverju skólaári. Hann ræður stundakennara og vikur þeim frá, hvort tveggja í samráði við skólanefnd.

6. gr.

Reikningsár skólans telst frá 1. júlí til 30 júní. Skal skólanefnd leggja fyrir stjórn Verzlunarráðsins skýrslu með yfirliti yfir rekstur skólans fyrir liðið reikningsár og skilgrein um eignir hans og sjóði þá, sem honum tilheyra.

7. gr.

Verði Verzlunarskólinn lagður niður sem sjálfseignarstofnun skal Verzlunarráð Íslands taka við eignum hans og skuldum og hagnýta þær í þágu islenskrar verzlunarmenningar.

8. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari getur stjórn Verzlunarráðs Íslands gert, að fengnum tillögum frá skólanefnd og skólastjóra.